

Ferðaþjónustan Húsafelli ehf
Húsafelli 5
311 BORGARNESI

Reykjavík, 17.1.2018
Tilvísun: OS2017030079/50.4.4
Verknúmer: 1103000

Efni: Viðbót við virkjunarleyfi – Urðarfellsvirkjun

Þann 28. mars 2017 sótti Ferðaþjónustan Húsafelli ehf. um virkjunarleyfi fyrir Urðarfellsvirkjun á Húsafelli fyrir allt að 1.150 kW vatnsaflsvirkjun. Umsóknin var auglýst í Lögbirtingarblaðinu þann 12. apríl 2017.

Þann 24. maí 2017 gaf Orkustofnun út virkjunarleyfi fyrir Urðarfellsvirkjun en þar sem fyrirliggjandi deiliskipulag hljóðaði upp á allt að 1.000 kW virkjun miðaði virkjunarleyfið við þau stærðarmörk.

Þann 8. janúar sl. samþykkti Borgarbyggð óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Urðarfellsvirkjun í landi Húsafells. Í breytingunni fólst að heimilt afl virkjunar breyttist úr 1000 kW í 1150 kW og hlaut deiliskipulagsbreytingin meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 9. janúar sl. sbr. auglýsing nr. 12/2018. Í kjölfarið sendi leyfishafi Orkustofnun beiðni um uppfærslu á áður útgefnu leyfi Orkustofnunar frá 24. maí 2017 þar sem heimil stærð virkjunar yrði 1150 kW í stað 1000 kW.

Orkustofnun hefur farið yfir umsókn leyfishafa og ákveðið að heimila umbeðna breytingu á uppsettu afli virkjunar. Að öðru leyti gilda sömu skilyrði um virkjun og fram komu í útgefnu leyfi Orkustofnunar frá 24. maí 2017.

Ákvörðun Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa og fjallað er um í 1. mgr. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 37. gr. raforkulaga. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Rakel Jensdóttir



Erla Björk Þorgeirsdóttir